

## 11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 310 20. júní 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. mars 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

10. apríl 1985

Nr. 164

## GJALDSKRÁ

**fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.**

## 1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflétir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

## 2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

## 3. gr.

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

- |                                                                                                                                 |            |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|
| a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. ....                                                                               | kr. 584,00 |
| á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni.                                     |            |
| Fyrir önnur hús .....                                                                                                           | kr. 375,00 |
| b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús .....                                                                                             | kr. 43,00  |
| á mánuði og .....                                                                                                               | kr. 208,00 |
| á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mín.l.                                                                                     |            |
| c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: |            |
| Fyrir hvern rúmmetra á mánuði .....                                                                                             | kr. 1,75   |
| Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.                                                          |            |

## 4. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. verða krafín til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

## 5. gr.

Heimæðagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

|                                                                 |               |
|-----------------------------------------------------------------|---------------|
| Hús allt að 300 m <sup>3</sup> að utanmáli                      | kr. 26 100,00 |
| Hús 300 m <sup>3</sup> til 2000 m <sup>3</sup> að utanmáli      | kr. 26 100,00 |
| og fyrir hvern rúmmetra þar yfir                                | kr. 17,00     |
| Stofngjald fyrir aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er | kr. 5 000,00  |
| Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:                     |               |
| Gróðurhús að 200 m <sup>2</sup> skal greiða                     | kr. 26 100,00 |
| Gróðurhús stærra en 200 m <sup>2</sup> skal greiða              | kr. 26 100,00 |
| fyrir 200 m <sup>2</sup> og                                     | kr. 43,00     |
| fyrir hvern m <sup>2</sup> umfram 200.                          |               |

## 6. gr.

Gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

## 7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

## 9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, . . . . . kr. 410,00

## 10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## 11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið heimil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 306 20. júní 1984.

*Lönaðarráðuneytið, 10. apríl 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*